

# KJARVAÐ

**30%**  
afsláttur



**1.875** KR.  
HG.

Mjóa kjúklinga bringur



**31%**  
afsláttur

**1.297** KR.  
HG.

Gourmet rauðvíns-legið lambalæri



**31%**  
afsláttur

**997** KR.  
HG.

Ungnautahakk



**289** KR.  
HG.

Freschetta pizzur 3 tegundir



**149** KR.  
STH.

Goða smurkæfur 4 tegundir



**399** KR.  
PH.

Merrild kaffi



**169** KR.  
STH.

Garden ávastasafi 2 ltr. 3 tegundir



**169** KR.  
STH.

Myllu orkubrauð



**149** KR.  
HG.

Perur



**269** KR.  
HG.

Blómkal



**249** KR.  
PH.

Lambi eldhúsnappir



**199** KR.  
PH.

Homeblest 500 gr.

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SIMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

*Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu mér og fjölskyldu minni vináttu, hlýhug og samúð við andlát eiginkonu minnar, Edith Dam Ragnarsson.*

*Einnig til allra þeirra sem veittu mér aðstoð og hjálp við útför hennar.*  
*Fyrir hönd aðstandenda,*  
*Reynir Ragnarsson.*


SMÁAUGLYSINGAR

## Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð.

Ég verð á Klaustri dagana 10. og 11. febrúar (laugardag og sunnudag)

Áhugasamir panti tíma í síma **587-2999** eða **866-0474.**

*Sigrún Inga Birgisdóttir.*



## Í MÝRDAL OG A-EYJAFJÖLLUM

Minum á fundinn föstudaginn 9. febrúar kl. 15:00

*Stjórnin*

## Ágætu Skaftfellingar!

**Opnaður hefur verið bankareikningur í  
Kauppingi á Kirkjubæjarklaustri  
nr. 0317 - 13 - 303469, kt. 280248-7119 til  
styrktar Rúnars Þórs Snorrasonar,  
Kálfafelli.**

**Þeir sem vilja leggja Rúnari lið geta lagt  
inn á þennan reikning.**

**Með þökkum fyrir veittan stuðning.  
Styrktaraðilar.**

## Þakklæti

*til Slökkviliðs Mýrdals og Skaftárhrepps, björgunar-  
sveitarmanna og sérstaklega til Björgunarsveitarinnar  
Lífjafar svo og til lögreglunnar í Vík.*

Við undirrituð viljum koma á framfæri þakklæti til allra  
þeirra sem komu að brunanum á Þykkvabæjarklaustri  
aðfaranótt 1. febrúar 2007

Án ykkar hefði óbætanlegt tjón orðið.

Kveðja  
Kidna og Siggi.

## Vantar þig vinnu!

Horgsland.is

Starfsfólk vantar til  
ferðaþjónustunnar á Hörgslandi  
til ýmissa starfa.


*S.s. í þrif - veitingar - snyrtingu  
á svæði og byggingarvinnu*

*Uppl í síma 487-6655  
eða sendu tölvupóst  
á [postur@horgsland.is](mailto:postur@horgsland.is)*

## NUDD NUDD

Helgina 17 - 18 febrúar verð ég á  
ferðinni með nuddbekkinn á  
Geirlandi.

Tímappantánir í síma: **8493585** eða  
netfang: [линдaharalds@gmail.com](mailto:линдaharalds@gmail.com)



Verð 30 min: 3000  
----- 60 min: 4500  
----- 90 min: 6000

*Kær kveðja, Berglind*



Rauði kross Íslands  
Klaustursdeild

## Aðalfundur

Klaustursdeildar Rauða kross  
Íslands verður haldinn á hótél  
Kirkjubæjarklaustri sunnudaginn  
**11. febrúar kl. 14:00**

Fundarefni:  
venjulega aðalfundarstörf  
önnur mál.

Jóhanna Róbertsdóttir svæðisfull-  
trúi mætir á fundinn.  
Félagar eru hvattir til að mæta á  
aðalfundinn. Nýir félagar velkomnir  
í deildina.

*Klaustursdeild Rauða kross  
Íslands.*

## Fótaaðgerðir

Verð á Klausturshólum  
laugard 10.  
og sunnud 11. feb.

Hlakka til að sjá ykkur

Pantið tímanlega  
Kv. EDDA s. 8200 593



## Fermingarbörn í Víkurprestakalli 2007:

### Skeiðflatarkirkja í Mýrdal

sunnudaginn 15. apríl 2007 kl. 13:30

Prestur: Haraldur M. Kristjánsson

Fermd verða:

Bergþór Bergsson	Vestri-Pétursey	871 Vík
Elvar Orri Jóhannsson	Brekkum 1	871 Vík
Gunnar Ólafsson	Giljum	871 Vík
Gunnþór Bergsson	Vestri-Pétursey	871 Vík
Ólöf Lilja Steinþórsdóttir	Ási	871 Vík

### Víkurkirkja í Mýrdal

sunnudaginn 22. apríl 2007 kl. 13:30

Prestur: Haraldur M. Kristjánsson

Fermdir verða:

Arnar Snær Ágústsson	Suðurvíkurvegi 10	870 Vík
Hlynur Guðmundsson	Bakkabraut 4	870 Vík
Viktor Smári Sigurjónsson	Mánabraut 12	870 Vík

## Þorrablót Eyrarlandi


Verður haldið laugardaginn 17. febrúar  
Þáttaka tilkynnist fyrir mánudaginn

12. febrúar í síma:

8937205 Jónas  
8687897 Guðni  
8925753 Finnþógi



Nefndin



Rauði kross Íslands  
Víkurdeild

## Námskeið fyrir heimsóknavini

verður haldið á Ströndinni í Víkurskála  
miðvikudaginn 14. febrúar 2007  
kl. 18-21 ef næg þátttaka fæst

Umsóknir verða að berast fyrir 9. febrúar

Nánari upplýsingar um námskeiðið fást  
hjá Áslaugu í síma 487 1227  
og Elsu í síma 487 1482 eða 848 3826

Víkurdeild Rauða krossins

## Frá Hótel Laka!!

Óskar Páll Daníelsson nuddari  
verður í heilsulindinni aftur um  
næstu helgi.

Tímamantanir á Hótel Laka  
í síma 487 4694



## VETRARMÓT



Hestamannafélagsins Sindra

verða að þessu sinni dagana  
3. og 31. mars í Vík

Nánar auglýst er nær dregur

f.h. Hestamannafélagsins Sindra,  
ferða- fræðslu- og skemmtinefnd.

## Víkurkirkja í Mýrdal

*Guðsþjónusta með léttri tónlist og söngvum verður í Víkurkirkju í Mýrdal sunnudaginn 11. febrúar 2007 kl. 14:00.*

Kristinn Níelsson skólastjóri Tónskóla Mýrdalshrepps og nemendur tónskólans munu leika undir í lögnum ásamt Kristínu Björnsdóttur organista.

Kirkjukórar Víkur- og Skeiðflatarkirkna munu leiða sönginn undir stjórn Önnu Björnsdóttur.

Fjölmönnum til kirkju og syngjum Drottni lofgjörð og þökk.

Fermingarbörn og foreldrar í öllum sóknum prestakallsins sérstaklega hvött til að mæta í Víkurkirkju.

Sóknarprestur

## Kirkjuskólinn í Mýrdal

Minni á samveruna næsta laugardag kl. 11:15 - 12:00  
Komið og sjáið Engilráð og hinar brúðurnar.  
Sóknarprestur

## Félagsvist

Okkar árlega félagsvist til styrktar Björgunarsveitinni Víkverja hefst **fimmtudaginn 8. febrúar klukkan 20:00 í Leikskálum.**

**Spilað verður: 15.- 22. febrúar og 1. mars**  
Góðir vinningar, mætum öll og styrkjum gott málefni.

*Kvenfélag Hvamshrepps.*



## Vaknaði við sprengingu

Hún lenti aldeilis í lífsreynslu hún Kristbjörg á Pykkvabæjarklaustri aðfaranótt 1. febrúar sl. Þegar kviknaði í Case dráttarvél sem var á hlaðinu hjá henni. Má telja mikla mildi að ekki fór ver miðað við umfang eldsins og aðstæður, en vélin stóð tvo og hálfan metra frá vélageymsludyrnum og svipuð vegalengd í olútankinn, sem sést á myndinni.

Veggurinn á geymslunni var orðinn brennheitur kringum dyrnar og málningin brunnin eða bráðnuð, þá er rafmagnsolfudælan á tanknum ónýt og plastið í slöngunni og byssunni bráðið og rafmagnssnúran.

Kristbjörg vaknaði við sprengingu um þrjúleytið um nóttina, og sá þegar hún leit út um gluggann, að eldur var uppi á hlaðinu og Case vélin í björtu báli og stórt svæði út frá henni, en þegar olúgeymir vélarinnar sem var ca hálfur, sprakk, hefur olían gusast langar leiðir út á svellað hlaðið og skíðlogaði þar.

Kristbjörg hrindi strax í neyðarlínuna og síðan í björgunarsveitina Lífgjöf í Verinu, komu þeir fljótlega með haug-sugu og tvær dráttarvélar, þá mætti lögreglan úr Vík fljótt á staðinn. Brennandi vélin var dregin lengra út á hlaðið, urðu logandi dekkinn eftir, varð að moka snjó og jarðvegi yfir þau til að slökkva í þeim.

Vegna mikils snaræðis heimamanna var langt komið að slökkva eldinn þegar slökkviliðin frá Vík og Klaustri komu á staðinn. Höfð var vakt við vélageymsluna fram á morgun ef ske kynni að einhversstaðar leyndist eldur í veggnum. Segja má að þarna færi betur en áhorfðist og litlu munaði að vélaskemman brynni með öllu sem í henni var, hefði vélin staðið inni þarf ekki að spyrja hvernig farið hefði.



*Vélin er gjörónýt og allt brunnið sem brunnið gat nema skóflan*



*Vélin stóð þarna við göngudyrnar, sjá má brunna málninguna á veggnum kring um göngudyrnar, olútankurinn er til vinstri við dyrnar*  
*Myndir: Kristbjörg Hilmarsdóttir*

## Nýir menn við stjórnvölinn hjá slökkviliðinu.

Bræðurnir Ágúst Freyr og Ívar Páll hafa tekið við stjórn slökkviliðsins í Vík af Jóni Hjálmarssyni sem settist í aftursætið um áramótin. Verið er að æfa nýja slökkviliðsmenn og fyrirhugað er að endurnýja vatnsbíl liðsins á árinu.

E.